

# Framtíðarfyrirkomulag jarðfræðastarfsemi á Íslandi

Greinargerð Jarðfræðafélags Íslands

## TILGANGUR

Tilgangur með jarðfræðastarfsemi er m.a.:

- að kanna náttúruauðlindir á Íslandi, sem margar hverjar eru háðar jarðfræðilegum aðstæðum; til dæmis vatn, bæði kalt og heitt, vatnsafl og byggingarefni.
- að afla upplýsinga um jarðfræðilega gerð landsins og miðla öðrum af þeim fróðleik bæði til gagns og gamans.
- einnig að búa íslenskum jarðvísindamönnum þau skilyrði að þeir geti verið í forystuhlutverki í jarðfræðarannsóknum á Íslandi.

## NÚVERANDI FYRIRKOMULAG

Núverandi fyrirkomulag byggist einkum á tíma- og verkefnabundinni þörf stofnana og einstaklinga fyrir jarðfræðarannsóknir. Af því leiðir m.a. að:

- rannsóknirnar geta verið tilviljunarkenndar bæði hvað varðar skipulag og framkvæmd.
- að oft eru teknar veigamiklar ákvarðanir um þær af aðilum, sem ekki hafa tileinkað sér jarðvísindalega þekkingu og viðhorf.
- að stundum er framlag jarðfræða vanmetið eða hreinlega gleymist í ákvarðanatöku.

Hér á landi er ekki starfrækt Jarðfræðastofnun líkt og hjá nágrannabjóðum okkar og hefur tilfinnanlega skort á það að við ættum miðstöð eða kjarna jarðvísindalegrar starfsemi eins og sýnt er fram á í skýrslunni. Ókostir núverandi fyrirkomulags eru margir og koma æ betur í ljós er tímar líða.

## HUGSANLEGAR ÚRBÆTUR

Úrbætur fælust fyrst og fremst í:

- breytingu á löggjöf er m.a. miðaði að því að færa jarðfræðastarfsemi undir stjórn eins ráðuneytis (t.d. umhverfisráðuneytis) í stað margra eins og nú er og kvæði nánar á um, hvaða undirstöðurannsóknir ber nauðsyn og skylda til að stunda í landinu.
- endurskipulagningu á jarðfræðastarfsemi og mætti framkvæma hana í áföngum.  
Breytt löggjöf gæti m.a. falið í sér, að Jarðfræðastofnun og Jarðþjónustustofnun yrðu settar á laggirnar. Þær myndu að verulegu leyti byggja á núverandi starfsemi, sem dreifð er á ýmsum stofnunum.

## JARÐFRÆÐASTOFNUN

Helstu þættir starfsemi hennar væru þessir:

- Þær færu fram almennar undirstöðu- og yfirlitsrannsóknir á sviði jarðfræða.
- Stofnunin færi með visst miðstöðvarhlutverk, hvað varðar samskipti og samstarf á sviði jarðvísinda, a.m.k. hins opinbera hluta slíkrar starfsemi.
- Einnig væru starfræktar deildir úti á landi, t.d. ein í hverjum landsfjórðungi.
- Aukin áhersla verði lögð á jarðvíaeftirlit, ferskvatnsrannsóknir og fleiri þætti, sem ekki hafa átt sér neinn skýran og afmarkaðan stað til þessa hjá hinu opinbera.
- Verulegar nýjunga- og þróunarrannsóknir færu fram á Jarðfræðastofnun.
- Greitt verði fyrir tímabundnum skiptum jarðvísindamanna milli stofnana sem myndi leiða til skilvirkari nýtingar t.d. á sérhæfingu manna og aukinna kynna og bættra samskipta.
- Skammtímasveiflum í álagi mætti að verulegu leyti mæta með aðkeyptri sérfræðingavinnu, t.d.